

Íslenski ferðaklasinn

Ársreikningur 2016

Íslenski ferðaklasinn
Ármúla 6
108 Reykjavík

Kt. 500415-1260

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Íslenski ferðaklasinn er samstarfsvettvangur aðila sem starfa á sviði ferðaþjónustu og tengdum atvinnugreinum sem hafa það að markmiði að efla samkeppnishæfni og verðmætasköpun í ferðaþjónustu til lengri tíma. Samstarfið byggir á kortlagningu sem unnin var á árunum 2012-2014 en formlegt félag var stofnað í mars 2015.

Frá aðalfundi í maí 2016 til maí 2017 voru haldnir 9 stjórnarfundir auk almennra félagsfunda, málstofa, ráðstefna og verkefnafunda með klasaaðilum.

Á vormánuðum 2016 fór stjórn í stefnumótunarvinnu sem studd var niðurstöðum skoðanakönnunar sem send var á alla klasaaðila. Helstu niðurstöður af þeirri vinnu var að setja fókus á þrjá megin verkefnastofna sem þóttu styðja best við hlutverk og markmið samstarfsins. Þessir stofnar eru:

- Fjárfesting í ferðaþjónustu – aukin framlegð fyrirtækja og rekstarþekking stjórnenda
- Sérstaða svæða – svæðisbundnir klasar
- Ábyrg ferðaþjónusta – samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Á vormánuðum 2017 voru klasaaðilar aftur beðnir um að svara könnun til að mæla viðhorf til þeirra verkefna sem unnið hefur verið að á árinu sem og að fá upplýsingar um viðhorf til greinarinnar almennt, áskoranir og tækifæri. Styðja niðurstöður þeirrar könnunar við þá vegferð sem klasasamstarfið hefur verið á og gefur ástæðu til að efla þau enn frekar.

Heildarvelta Íslenska ferðaklasans á árinu 2016 var 25,9 mkr og jókst um rúmar 8 mkr á milli ára. Ber þar hæst fjölgun klasaaðila og sér fjármögnuð verkefni. Hagnaður félagsins var rúmar 3,9 mkr samanborið við 10,8 mkr árið 2015. Helsta breyting í rekstargjöldum milli ára er ráðning klasastjóra/framkvæmdastjóra frá 1.janúar 2016 í fullt starf en laun og launatengd gjöld fara úr 0 kr 2015 í 11,8 mkr 2016. Gjaldaliðurinn aðkeypt þjónusta stendur í stað milli ára með útgjöld uppá 6,5 milljónir krónur og ber þar hæst sex mánaða samningur við ráðgjafafyrirtækið Gekon sem lauk í júní 2016.

Það er álit stjórnar Íslenska ferðaklasans að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstarliðum og öðrum fjárhagsliðum, komi fram í ársreikningnum. Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. maí 2017.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Íslenska ferðaklasans.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenska ferðaklasans („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík, 18. maí 2017.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Aðildargjöld	1	24.460.000	17.810.000
Aðrar tekjur		1.480.000	0
		<u>25.940.000</u>	<u>17.810.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	11.871.981	0
Aðkeypt þjónusta	3	6.527.402	6.595.795
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	2.672.076	255.488
Húsnæðiskostnaður		846.968	0
Gjaldfærð áhöld og tæki		205.239	214.908
		<u>22.123.666</u>	<u>7.066.191</u>
Rekstrarhagnaður		3.816.334	10.743.809
Fjármunatekjur		212.576	94.321
Fjármagnsgjöld		(83.158)	(3.255)
		<u>129.418</u>	<u>91.066</u>
Hagnaður ársins	5	<u>3.945.752</u>	<u>10.834.875</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Viðskiptakröfur		324.000	2.535.800
Aðrar skammtímakröfur		99.245	0
Handbært fé		16.778.647	9.011.013
Veltufjármunir		<u>17.201.892</u>	<u>11.546.813</u>
Eignir samtals		<u>17.201.892</u>	<u>11.546.813</u>
Eigið fé			
Eigið fé	5	<u>14.780.627</u>	<u>10.834.875</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		1.067.324	0
Ógreiddur virðisaukaskattur		650.773	711.938
Aðrar skammtímaskuldir		703.168	0
Skammtímaskuldir		<u>2.421.265</u>	<u>711.938</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>17.201.892</u>	<u>11.546.813</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		<u>3.945.752</u>	<u>10.834.875</u>
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímafröfur, lækkun (hækkun)		2.112.555	(2.535.800)
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>1.709.327</u>	<u>711.938</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>3.821.882</u>	<u>(1.823.862)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>7.767.634</u>	<u>9.011.013</u>
Hækkun á handbæru fé		7.767.634	9.011.013
Handbært fé í ársbyrjun		<u>9.011.013</u>	<u>0</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>16.778.647</u></u>	<u><u>9.011.013</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Aðildargjöld eru færð til tekna þegar þau falla til. Ef veruleg óvissa er um innheimtu aðildargjalda eru þau færð niður til að mæta þeirri óvissu. Niðurfærslan er færð til lækkunar á tekjufærðum aðildargjöldum í rekstrarreikningi.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	2015
Laun	10.005.000	0
Launatengd gjöld	1.866.981	0
	<u>11.871.981</u>	<u>0</u>

3. Aðkeypt þjónusta

GEKON - ráðgjafarkostnaður	3.777.000	6.010.795
RATSJÁ - ráðgjafar- og verkefnakostnaður	1.825.709	0
Orka og ferðaþjónusta - ráðgjafar- og verkefnakostnaður	360.673	0
Önnur verkefni	564.020	585.000
	<u>6.527.402</u>	<u>6.595.795</u>

4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Funda- og viðskiptakostnaður	463.855	0
Ferðakostnaður	586.023	13.500
Endurskoðun og reikningsskil	491.450	0
Rekstur tölvukerfis	289.328	0
Pappír, prentun og ritföng	242.677	0
Sími	107.516	0
Ráðstefnur	108.200	0
Leyfis- og skráningargjöld	82.950	0
Auglýsingar	146.392	0
Annar kostnaður	153.685	241.988
	<u>2.672.076</u>	<u>255.488</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um hreyfingar ársins á eigin fé:

Eigið fé 1.1.2016	10.834.875	0
Hagnaður ársins	3.945.752	10.834.875
Staða 31.12.2016	<u>14.780.627</u>	<u>10.834.875</u>